

Laugardaginn 19. marz 1932.

Nr. 100/1930. **Valdstjórnin** (Magnús Guðmundsson)
 gegn
Samuel Midjord (Lárus Fjeldsted).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Þingeyjarsýslu 4. okt 1930: Kærður, Samuel Midjord, greiði 12500 kr. sekt í Landhelgis-sjóð Íslands og komi í stað sektarinnar, ef hún er ekki greidd innan viku frá birtingu dóms þessa, 6 mánaða einfalt fangelsi. Afli og ólögleg veiðarfæri, sem eru í m/k „Grimur“ frá Trangisvaag, sé upptækt og renni andvirði þess í sama sjóð. Svo greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Svo sem segir í dómi lögregluréttarins kom varðskipið Ægir þ. 29. sept. 1930 að kærða, skipstjóra á vélskipinu T. G. 10, „Grimur“ frá Trangisvaag í Færeyjum, er hann var að veiðum með vörpu í eptirdragi á Viðarvík í Pistilfirði, aðeins 0,6 sjómílu frá landi. Hefir kærði kannast við það fyrir lögregluréttinum, að hann hafi verið að veiðum á þessum stað í landhelginni, en hann hefir haldið því fram sér til sýknu, að varpa sú, er hann notaði, sé eigi botnvarpa, heldur dragnót, svonefnd, „Skovlvaad“, er sér samkvæmt 1. gr. 1. nr. 55, 7. maí 1928, hafi verið heimilt að veiða með í íslenzkri landhelgi á þeim tíma, er varðskipið hitti hann.

Undir rannsókn málsins hefir héraðsdómarinn útnefnt tvo menn til þess að skoða veiðitæki þau, er kærði notaði, og hafa þeir látið uppi sem sitt álit og staðfest fyrir réttinum, að varpa sú, er

kærði veiddi með, verði að teljast botnvarpa. Samkvæmt skýrslu skoðunarmanna á veiðitækjunum og lýsingu á þeim, er gerð hefir verið í Færeyjum eftir að dómur gekk í héraði, og lögð hefir verið fram í hæstarétti, var varpa sú, er kærði notaði, útbúin tveimur hlerum, er tengdir voru með vír við vængi vörpunetsins, með tvennum keflum sem milliliðum. Hlerarnir voru hvor um sig samkvæmt skýrslunni frá Færeyjum 22,1 kg. að þyngd, breidd netsins við fótreipi var 88 fet og 67 fet við höfuðlínu og lengd þess frá höfuðlínu að pokaenda 24 fet. Samkvæmt þessari lýsingu hefir varpa sú, er kærði notaði, að visu verið veigaminni en venjulegar botnvörpur, sem notaðar eru hér við land, og aðeins nothæf til veiða á grunnu vatni, en að öðru leyti er gerð vörpunnar svipuð því, er tíðkast um sumar botnvörputegundir. Og að því sérstaklega athuguðu, að varpan, er kærði veiddi með, var útbúin hlerum eins og venjuleg botnvarpa og að veiðin fór þannig fram, að skip kærða knúð áfram með vélaraflí dró vörpuna á eptir sér með botni, verða veiðar kærða, að áliti réttarins, að teljast botnvörpuveiðar, sem með 1. gr. l. nr. 5, 18. maí 1920 eru bannaðar í landhelgi við Ísland. Kærði hefir því gerzt brotlegur gegn nefndri lagagrein, og með tilliti til þess, að gullgildi íslenzkrar krónu, er nú aðeins 60,80 aurar, ákveðst refsing hans 16500 kr. sekt í Landhelgissjóð Íslands, er afplánist með 7 mánaða einföldu fangelsi, ef hún fæst eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði lögregluréttardómsins um upptekt afla og veiðarfæra og um málskostnað í héraði staðfestast og kærða ber að greiða allan áfrýjunar-

kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 80 kr. til hvors þeirra.

Á flutningi málsins hefir orðið mikill dráttur, en hann þykir nægilega réttlættur.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Samuel Midjord, greiði 16500 kr. sekt í Landhelgisjóð Íslands, er afplánist með 7 mánaða einföldu fangelsi, ef hún fæst eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Ákvæðum lögregluréttardómsins um upptekt afla og veiðarfæra og um málskostnað í héraði skal óraskað.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Magnúsar Guðmundssonar og Lárusar Fjeldsted, 80 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál það, sem hér liggur fyrir, er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn kærðum, Samuel Midjord, skipstjóra á m/k „Grimur“ frá Trangisvaag í Færeyjum, og til heimilis í Trangisvaag, fyrir landhelgisbrot samkvæmt kæru skipherrans á varðskipinu „Ægir“, dags. 29. sept. þ. á., og eru nánari tildrög málsins þannig: Þann 28. sept. þ. á. kl. 9,35 síðdegis, kom varðskipið „Ægir“ að kærða, þar sem hann var að veiðum í landhelgi á Viðarvík, samkv. staðarákvörðun, 0,6 sm. frá landi. Var hann með vörpu sína í eftirdragi og skip kærða á ferð, þegar varðskipið

kom að því. Var farið um borð í skip kærða og veiðarfæri hans athuguð og þau talin með samskonar útbúnaði og aðrar botnvörpur (Trawl), og var talsverður koli á þilfarinu. Skipstjóra var bent á, að þessi veiðitæki yrði að teljast jafn ólögleg sem togaravörpur. Var kærða gefin skipun um að halda til Húsavíkur, svo mál hans yrði rannsakað þar, og kom hann þangað þ. 29. sept. þ. á. laust fyrir hádegi og varðskipið um sama leyti. Kærði hefir viðstöðulaust í réttinum játað kæru varðskipsins rétta að öllu öðru leyti en því, að hann hafi ekki veitt með ólöglegum veiðarfærum. Heldur hann fram, að veiðitæki það, sem hann noti sé svonefnd „Skovlevod“ og hljóti að teljast til dragnóta og sé því leyft við strendur Íslands á tímabilinu frá 1. sept. til 1. dez. ár hvert, samkv. lögum nr. 55, 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi. Til þess nánar að ganga úr skugga um það, hvernig veiðitæki kærða væru og hvað beri réttilega að telja þau, útnefndi rétturinn strax þann 29. sept. þ. á. 2 óvilhalla, kunnuga og hæfa menn, og gerðu þeir bæði þann 30. sept. og 1. okt. þ. á. nákvæma lýsingu á veiðitækjum kærða og telja vörpuna, sem útbúin er með hlerum og keflum, mjög líka frönskum togaraútbúnaði og verði því ekki nefnd annað en botnvarpa (Trawl). „Fiskifélag Íslands“ hefir og símeiðis látið sömu skoðun uppi á veiðitækjum kærða, eftir að orðrétt lýsing skoðunarmanna á þeim hefir verið lögð fyrir það í símskeyti til umsagnar. Eins og mál þetta liggur fyrir, virðist sök kærða einungis velta á því, hvort veiðitæki hans verði talin dragnót samkv. lögum nr. 55, 7. maí 1928, eða botnvarpa eða veiðarfæri alveg hliðstætt botnvörpu, en þá koma til greina lög nr. 5, 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi. Að visu er 2. málsg. 1. gr. laga nr. 55, 7. maí 1928, mjög svo óljós í lýsingu sinni á því, hvaða nætur skuli teljast dragnætur, þar sem hún segir aðeins, að til þeirra teljist nætur, „er til botns taka og eru dregnar með botni þegar veitt er“, en þar sem hún telur meðal þeirra kolanót (Snurrevot) og í 2. grein sömu laga eru taldar ádráttanætur meðal dragnóta, verður að líta svo á, að löggjöfin hafi með dragnótum átt við nætur þær, sem þannig eru notaðar, að þær séu fluttar (lagðar, — rónar) út frá þeim stað — skipi eða landi —, sem veitt er frá, og dregnar þangað

aftur meðan á veiðinni stendur, en ekki hafðar í eftir-
 dragi eins og botnvarpa eða botnskafa, og a. m. k. hafi
 löggjöfin aldrei ætlast til, að til dragnóta teldust nætur
 með hleraútbúnaði eins og veiðitæki kærða, sem gerir
 það hliðstætt botnvörpu eða botnvörpu til að veiða á
 grunnu vatni, þó á hana vanti „Bobbings“, sem sérstak-
 lega hafa þýðingu á talsverðu dýpi. Það verður því ekki
 hægt að fallast á, að veiðitæki kærða, er hann nefnir
 „Skovlevod“, falli undir 2. málgr. 1. gr. laga nr. 55, 7. maí
 1928 um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, heldur
 verður að telja þetta veiðitæki, sem útbúið er með hler-
 um, sem hvor um sig er 24 kg. og keflum, og sem haft er í
 eftirdragi á eftir skipinu þegar veitt er, botnvörpu sam-
 kv. íslenskum lögum, og verður því að líta svo á, að kærði
 hafi gerzt sekur um ólöglegar botnvörpuveiðar í isl. land-
 helgi og sé því brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí
 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum. Þar sem það má
 telja nægilega upplýst undir rekstri málsins, að kærður
 hefir ekki talið þessa veiði sína ólöglega eða með henni
 viljað brjóta nefnd lög nr. 5, 18. maí 1920, og þar sem
 hann aldrei fyrr hefir stundað botnvörpuveiðar né verið
 með „Skovlevod“ við strendur Íslands, verður að dæma
 hann í vægustu sekt samkv. 3. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920,
 en það er sekt í Landhelgissjóð Íslands 12500 isl. kr., mið-
 að við gullkrónur og dagsgengi, er greiðist innan viku frá
 löglegri birtingu dóms þessa, ellegar komi í stað sektar-
 innar 6 mánaða einfalt fangelsi. Allur afli og öll hin ó-
 löglegu veiðarfæri í m/k „Grimur“ frá Trangisvaag sé
 upptækt og renni í sama sjóð og sektin. Svo greiði kærði
 allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.
 Dómarinn tekur fram, að dráttur sá, sem orðið hefir á
 rekstri þessa máls, stafi af því, að bæði stjórnarráð Ís-
 lands og sendiherra dana í Reykjavík hafi talið ástæðu
 til, þar sem alveg sérstaklega stendur á, að finna leið til
 þess að reyna, hvort ekki væri hægt að útkljá málið án
 þess, að í því gengi dómur, en í dag hafi verið lagt fyrir
 dómarann að kveða upp dóm í því.